





DEILISKIPULAGSUPPRÁTTUR
Mkv. 1:2000 á A2



YFIRLITSMYND
Mkv. 1:15000 á A2



YFIRLITSMYND úr ASK 2017-2029
Ekki í kvarða

GREINARGERÐ

INNGANGUR: Deiliskipulag þetta tekur til skálasvæðisins **Gljúfurleit** á Gnúpverjafrétti. Afmörkuð er lóð skálasvæðisins og skilmálar settir um uppbyggingu. Stærð lóðarinnar er 87349 m² sem jafngildir 8.7 hektörum. Ekki er í gildi deiliskipulag fyrir svæðið. Gnúpverjafréttur er þjóðlenda og um hann gilda Þjóðlendulög 58/1998.

Á svæðinu er nú gistiskáli byggður 1978 sem rúmar 25 manns í gistingu. Um er að ræða 95 m² gangnamanskála með sambygððu hesthúsi. Svæðið er áningastaður ferðamanna sem leggja leið sína um Gnúpverjafrétt, ríðandi, gangandi, hjólandi eða akandi. Aðkoma að svæðinu er af vegslóðanum inn Gnúpverjafrétt.

Markmiðið með gerð þessa deiliskipulags er að setja ramma utan um uppbyggingu svæðisins og setja skilmála um framtíðaruppbyggingu. Öll mannvirki svæðisins verða innan lóðamarka, þar með talið byggingar, fráveita, vatnsból, tjaldsvæði og áningahólf. Við gildistöku þessa deiliskipulags skal gefa út hnitsett lóðablað fyrir lóðina.

LÝSING SVÆÐIS: Skipulagssvæðið afmarkast að suðvestanverðu af Gljúfurá áður en hún sameinast Blautukvísi og fellur til Þjórsár í gljúfri um 1.5 km leið. Svæðið er fremur slétt en hallar þó til Þjórsár og er í um 530 metra hæð yfir sjávarmáli. Náttstaðir gangnamanna á Gnúpverjafrétti hafa samkvæmt heimildum verið við Gljúfurá frá árinu 1929 og minjar um fyrri náttstaði víða í nágrenninu. Fyrir innan Gljúfurá, inn með Þjórsá er fjöldi stórbrotinna fossa í þverám Þjórsár og Þjórsá sjálfri og svæðið í heild sinni undir hverfisvernd. Skipulagssvæðið er vel gróið og er vistlendi þar aðallega mólendi, graslendi og moslendi samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar. Votlendi innan svæðisins, um 1 hektari, er merkt á upprátt. Ekki er innan svæðisins vistgerðir sem njóta sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd 60/2013.

SAMRÆMI VIÐ FYRIRLIGGJANDI SKIPULAGSÁ/ETLANIR: Landskipulagsstefna 2015-2026 er sveitarfélögum gert að skilgreina uppbyggingu á miðhálandinu þannig að ... þess verði gætt að mannvirki og umferð um hálandið skerði viðurni og önnur sérkenni og náttúrugæði hálandisins sem minnst ... megináhersla lögð á uppbyggingu á jaðarsvæðum hálandisins og á nokkrum afmörkuðum svæðum við aðalvegi hálandisins. Unnið er nú að gerð Svæðisskipulags Suðurlandshálandisins.

Í Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029 er eitt markmiða sveitarfélagsins ... að leitast við að viðhalda lítt snortnu yfirbragði hálandisins... Þeir staðir þar sem uppbygging mannvirkja hefur farið fram hafa verið afmarkaðir sem Afþreyingar- og ferðamannasvæði. Með því að ramma inn þessi svæði með gerð deiliskipulags er stuðlað að því að yfirbragð ósnortins hálandisins haldi sér og frekari uppbygging verði einungis innan þegar afmarkaðra (raskaðra) svæða.

Fjallað er um Afþreyingar- og ferðamannasvæði á hálandinu í 4. kafla aðalskipulags. Gljúfurleit er merkt AF 20, skilgreind sem skálasvæði. Þar segir um skálasvæði: Skálasvæði eru í góðu vegasambandi. Gert er ráð fyrir gistingu í gistiskálum auk tjaldsvæða, fræðslu og eftirlits. Möguleiki er á einhverri starfsemi yfir vetrartímann. Um AF-svæði almennt: Gert er ráð fyrir svigrúmi til að viðhalda núverandi mannvirkjum eða reisa ný, að undangengnu deiliskipulagi. ... Gert ráð fyrir að stærðir lóða taki mið af umfangi starfseminnar... Þar sem gert er ráð fyrir gistingu geti allt að 50 gestir gisti í húsum.

HVERFISVERND: Gljúfurleit er á svæði sem fellur undir Hverfisvernd Þjórsár. Lýst svo í Aðalskipulagi: Með hverfisvernd er stuðlað að verndun á gróðurlendi og náttúruyfirbærum meðfram Þjórsá auk fossa hennar. Auk þess er svæðið mikilvægt vegna náttúrufars, fornminja og menningarsögulegs gildis. Mannvirkjagerð vegna útivistar og ferðajónustu er heimil en einstök náttúruyfirbæri njóta friðunar, ásamt fossum og nágrenni Þjórsár og annarra áa á svæðinu. Í nágrenni svæðisins eru minjar um fyrri miðstöðvar gangnamanna, þær nálægustu merktar inn á yfirlitsmynd.

UMHVERFISÁHRIF: Deiliskipulag þetta fellur ekki undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006, þar sem ekki er mörkuð stefna er varðar leyfisveitingar til

framkvæmda sem tilgreindar eru í lögnum. Áhrif af uppbyggingu svæðisins eru talin hafa jákvæð áhrif á samfélagið þar sem stuðlað er að fjölgun ferðamanna og aukinni þjónustu/atvinnu á svæðinu samfara því. Skipulag svæðisins raskar ekki sérstæðum jarðmyndunum, gróðri, dýralífi eða ósnortnum viðernum umfram þá röskun sem þegar hefur átt sér stað. Sjónræn áhrif vegna uppbyggingar mannvirkja eru óumflýjanleg en snyrtimennska verður höfð í hávegum til að lágmarka neikvæð áhrif.

FORNMINJAR: Engar fornminjar hafa verið skráðar innan skipulagssvæðisins. Ekki er heimilt að hrófla við minjum sem kunna að koma í ljós við framkvæmdir innan svæðisins nema í samráði við minjavörð Suðurlands samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012. Aðalskráning fornminja hefur ekki farið fram á afreittinum.

SAMGÖNGUR: Að svæðinu er aðkoma af vegslóðanum sem liggur inn afreittinn samsíða Þjórsá. Vegurinn flokkast sem landvegur og er svo lýst í Aðalskipulagi: Vegur frá Sultartangavirkjun og inn afreittinn austanverðan. Samkvæmt flokkun á skýringaupprætti fyrir vegi á afreitti er um að ræða: F2 - Lakfær vegur, fær fjórhjóladrifnum bílum að sumarlagi, óbrúaðar ár. Innan svæðisins skal koma í veg fyrir akstur utan slóða með umferðarstýringu.

Svæðið er áfangastaður á Sprengisandsleið hinni fornu. Leið þessi er vörðuð frá Skriðufelli í Þjórsárdal norður að Mýri í Bárðardal. Vörður á leiðinni inn Gnúpverjafrétt hafa verið hlaðnar upp. Leið þessi er fær gangandi og ríðandi umferð.

VEITUR: Vatnsból er innan lóðamarka, sýnt á upprætti. Öflun neysluvatns og frágangur vatnsveitu skal vera í samræmi við reglugerð um varnir gegn mengun vatns 796/1999 og reglugerð um neysluvatn 536/2001.

Heimilt er að rafvæða svæðið. Heimilt er að framlæða rafmagn á svæðinu sem uppfyllir þarfir starfseminnar. Sú framlæðsla getur verið með vindrellu, sólarþeglum eða olíufarstöð, allt að 10 kW.

Frærennis skal leitt í rotþró og gengið frá því samkvæmt reglugerð um fráveitur nr. 798/1999. Við staðsetningu rotþró skal huga að því að aðgengi til tæmingar sé gott. Jafnframt er heimilt að vera með þurrsalerni skv. gr. 13.5 í sömu reglugerð.

SORP: Allt sorp sem fellur til skal flutt af staðnum, flokkað og afsett samkvæmt reglum sveitarfélagsins hverju sinni.

TJALDSVÆÐI: Heimilt er ferðafólki að tjalda til skamms tíma innan svæðisins. Bílastæði eru merkt inn á upprátt.


ÁNINGAHÓLF: Innan lóðamarka er heimilt að vera með áningahólf fyrir hesta. Núverandi áningahólf er merkt inn á upprátt. Einnig er heimilt að setja upp girðingar/gerði fyrir sauðfé sem nýta má við smalamennskur á haustin. Ferðafólki er ekki heimilt að beita hrossum innan svæðisins. Hey sem flutt er inn á svæðið skal aflað innan sama sauðfjárvæðingarsvæðis. Afgangshey skal nýtt til uppgræðslu í samráði við Landbótafélag Gnúpverja.

SKILMÁLAR UM BYGGINGAR: Á byggingareit B1 stendur núverandi gistiskáli, 95 m² að stærð. Heimilt er að stækka núverandi skála og byggja nýjan. Heildarstærð skála verði mest 300 m², svefnloft þar ótalin. Heimilt er að gistiþláss verði fyrir 50 manns. Mænishæð skal ekki yfirstiga 6.0 metra. Heimilt er að koma upp stakstæðu salernishúsi innan sama byggingareits, allt að 20 m². Fimm bílastæði verða innan byggingareitsins.

Á byggingareit B2 er heimilt að reisa hesthús allt að 60 m². Hesthúsinu er fyrst og fremst ætlað að vera ferðahrossum skjóli í hrakviðrum. Mænishæð skal ekki yfirstiga 4.0 metra. Innan áningahólfs er jafnframt heimilt að setja upp skjól.

Almennt skulu byggingar falla vel að landslagi. Yfirbragð og ásynd skal samræmd í litavali. Mænisstefna, þakhalli og húsagerðir eru gefnar frjálssar. Við byggingar húsa skal fylgja ákvæðum gildandi byggingareglugerðar.

Við framkvæmdir skal forðast eins og kostur er að raska gróðri eða landi. Sérstaka varúð skal sýna votlendum hluta svæðisins þar sem mögulega má finna vistgerðir og búsvæði fugla sem njóta verndar. Við alla umgengni um svæðið skal gæta fyllstu snyrtimennsku. Öll geymsla lausamuna utandyra er óheimil á svæðinu.



Skálar á afreittum Gnúpverja, Flóa- og Skeiðamanna. Mynd úr ASK 2017-2029 Ekki í kvarða

Deiliskipulag þetta sem auglýst hefur verið skv. 1. mgr 41. gr. Skipulagstaga nr. 123/2010 m.s.br. frá _____ til _____ var samþykkt í sveitastjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps þann _____

Samþykkt deiliskipulag var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann _____

SKÝRINGAR:


- SKIPULAGS / LÓÐAMÖRK
- BYGGINGAREITIR
- VEGIR
- REIDLEIÐ
- HREINSIVIRKI (ROTÞRÓ)
- NÚVERANDI HÚS
- BÍLASTÆÐI
- VATNSBÓL OG VATNSVERNDARSVÆÐI
- VOTLENDI

FERLI DEILISKIPULAGSTILLÖGU: Samþykkt til kynningar og umsagna í sveitarstjórn 7.12.22. Kynning auglýst 29.12.22 - 20.1.23. Umsagnaraðilar: Náttúrufræðistofnun (20.1.2023) / Umhverfisstofnun (12.1.2023) / Landgræðslan (20.1.2023) / Heilbrigðiseftirlit Suðurlands (24.1.2023) / Forsætisráðuneytið (11.1.2023) / Vegagerðin (11.1.2023) / Minjastofnun Íslands (24.1.2023) / Ferðamálastofa.

Deiliskipulagstillaga auglýst -----.

BREYTINGAR: 5.2.2023 - Að lokinni kynningu: Votlendi afmarkað á upprætti og aukið við umfjöllun þar að lúndi í greinargerð. Bílastæði afmörkuð á upprætti, bætt við texta um akstur utan slóða og bílastæði í greinargerð. Heimild fyrir þurrsalerni.

Unnið ofan á upprætta hnitsetta loftmynd frá Loftmyndum ehf og hæðalínugrunn frá Landmælingum Íslands. Deiliskipulagsögn þau er hér eru birt eru deiliskipulagsuppráttur í mkv. 1:2000, yfirlitsmynd í kvarða 1:15000 sem sýnir kennileiti í nágrenninu og aðkomu, yfirlitsmyndir úr aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029, greinargerð og skilmálar um uppbyggingu svæðisins sem er í samræmi við gildandi aðal- og landsskipulagsstefnu, skipulagslög nr. 123/2010 og skipulagsreglugerð nr. 90/2013.



GNÚPVERJAAFRETTUR

GLJÚFURLEIT

SKÁLASVÆÐI

DEILISKIPULAG

Mælikvarði 1:2000 / 1: 15000 á A2

01. 02. 2022 SIGURÐUR U. SIGURÐSSON 290772-4279